

ingur gagna hefur farið fram, á hvaða geymslumiðli gögnin er að finna og skal það staðfest eða vottað af þeim sem ábyrgð bera á flutningnum.

Öryggisafrit.

4. gr.

Taka skal öryggisafrit af geymslumiðlum, sbr. 3. gr. samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum. Verklagsreglur þessar skulu liggja fyrir í gögnum bókhaldsins. Skal öryggisafritið varðveitt á tryggan og öruggan hátt aðskilið frá öðrum gögnum bókhaldsins.

Eftirlit.

5. gr.

Eftirlitsaðilar bókhalds og aðrir þeir sem eiga rétt á upplýsingum úr bókhaldi, skulu hafa hindrunarlausan og ókeypis aðgang að nauðsynlegum hjálpartækjum til afnota hjá hinum bókhaldsskylda aðila til að finna og lesa færslur og gögn sem flutt hafa verið á geymslumiðil, sbr. 3. gr.

Öryggisafrit, sbr. 4. gr., skulu vera aðgengileg eftirlitsaðilum á hverjum tíma.

Viðurlög.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingum skv. IV. kafla laga nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Gildistaka.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 42. gr. laga um bókhald, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 417/1982, um bókhald.

Fjármálaráðuneytinu, 6. september 1999.

Geir H. Haarde.

Marianna Jónasdóttir.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála o.fl.

1. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður (Austur-Skaftafellssýsla) er eitt fjallskilaumdæmi. Yfirstjórn fjallskilamála í sýslunni er á hendi bæjarstjórnar Hornafjarðar, sem jafnframt fer með hlutverk héraðsnefndar skv. lögum og reglugerðum.

2. gr.

Fjallskiladeildir í sýslunni skulu vera Lón (með sömu mörk og Bæjarhreppur áður), Nes (með sömu mörk og Nesjahreppur og Hafnarkauptún áður), Mýrar (með sömu mörk og Mýrahreppur áður) Suðursveit (með sömu mörk og Borgarhafnarhreppur áður) og Öræfi (með sömu mörk og Hofshreppur áður).

3. gr.

Landbúnaðarnefnd Hornafjarðar fer með fjallskilamál í sýslunni í umboði bæjarstjórnar. Nefndin skipar fimm menn í fjallskilastjórn sem sér um stjórn og framkvæmd hinna árlegu fjallskila. Skal þess gætt að í fjallskilastjórn sitji einn aðili frá hverri fjallskiladeild og er sá jafnframt fjallskilastjóri innan sinnar deildar. Fjallskilastjórn kys sér formann úr hópi stjórnarmanna.

Hlutverk fjallskilastjórnar er:

- að mæla fyrir um lögleitir og réttir í sýslunni, göngur í fjalllendi og aðrar þær smalanir sem samþykkt þessi tekur til,
- að gefa út fjallskilabréf fyrir hverja deild þar sem fram kemur hvernig einstök svæði skuli hreinsuð af fé og fjallskilum jafnað niður,
- að ákveða eftirleitir ef ástæða er til og sjá um hreinsun heimalanda og vorsmölun samkvæmt ákvörðun landbúnaðarnefndar.

Í störfum sínum skal fjallskilastjórn sérstaklega gæta að samræmi í dagsetningum á milli svæða þannig að ekki þurfi að leggja aukaverk í smalanir á svæðum sem þegar hafa verið hreinsuð.

4. gr.

Land það sem fjallskilasamþykkt þessi nær til skiptist í heimalönd, afrétti og öræfi.

Heimalönd eru fullkomin eignarlönd manna. Í skilningi samþykktar þessarar skiptast heimalönd í heimahaga og útlendur. Til heimahaga teljast svæði á láglendi næst húsum, ræktarland og önnur svæði innan hagagirðinga. Til útlendna teljast aðrir hlutar heimalanda, svo sem sameiginleg sumarbeitilönd í fjalllendi.

Það teljast afréttir sem að fornu hafa verið, hvort sem þeir eru í eigu sveitarfélagsins, upprekstrarfélaga eða einstaklinga.

Almenningar eða öræfi kallast þau lönd sem óbyggð eru og sem ekki verða talin til afrétta eða heimalanda.

Landbúnaðarnefnd skal láta gera skilmerkilegt kort af sveitarfélaginu þar sem fram koma mörk einstakra jarða, og sú skipting svæða sem gert er ráð fyrir samkvæmt þessari grein. Skal kortið, ásamt viðfestum skrá, vera fjallskilastjórn til reiðu við niðurdeilingu verka og teljast grundvöllur réttinda og skyldna að öðru leyti.

Landbúnaðarnefnd annast viðhald skráa og korta yfir skiptingu svæða og sér um að slík gögn séu tryggilega birt og öllum aðgengileg.

5. gr.

Bæjarstjórn getur með sérstakri samþykkt, stofnað fjallskilasjóð fyrir Austur-Skafta-fellssýslu. Fjallskilasjóðurinn skal vera deildaskiptur samkvæmt skiptingu í fjallskilaumdæmi, sbr. 2. gr. Nánar skal kveðið á um hlutverk sjóðsins í stofnskrá, en heimilt er m.a. að fela sjóðnum umsjón rétta og annarra slíkra mannvirkja í sýslunni. Ennfremur er heimilt að gera vinnuframlög í tengslum við fjallskil upp í gegnum sjóðinn, en að öðrum kosti skal hlutverk sjóðsins takmarkast við að greiða fjallskilakostnað sem ekki verður inntur af hendi með vinnuframlögum.

Tekjur sjóðsins geta samkvæmt þessu verið eftirfarandi:

1. Greiðsla í peningum eða reiknuðu vinnuframlagi sem hagsmunaaðilar inna af hendi vegna einstakra verka í tengslum við fjallskil.
2. Greiðsla í peningum sem fénaðareigendur inna af hendi vegna réttarbygginga.
3. Framlag sveitarfélagsins m.a. vegna rétta og annarra mannvirkja.
4. Andvirði óskilafjár.
5. Sektir vegna brota eða vanrækslu á fyrirmælum samþykktar þessarar.

Stjórn sjóðsins ákvarðar greiðslur sem sjóðurinn innir af hendi í peningum, til þess að standa straum af fjallskilakostnaði, viðhaldi rétta og annarra verka sem sjóðnum eru falin skv. stofnskrá.

Reikningar sjóðsins skulu haldnir sérstaklega en hann skal gerður upp og endurskoðaður með sama hætti og bæjarsjóður.

6. gr.

Landeigandi sér sjálfur um alla smölun heimahaga á eigin kostnað, sjá þó 22. og 23. gr.

Fjallskilastjórn sér um fjallskil á afréttum og útlendum jarða. Skal að öllu jöfnu við það miðað, að kostnaði við verk sem fjallskilastjórn mælir fyrir um, sé jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings innan viðkomandi fjallskiladeildar. Landbúnaðarnefnd getur ákveðið að á tilteknum svæðum skuli kostnaði jafnað á milli hagsmunaaðila, fjáreigenda og landeigenda, í ákveðnum hlutföllum, sbr. heimild í 42. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

II. KAFLI

Um rekstur á afrétti.

7. gr.

Um upprekstrarrétt á afrétti einstaklinga fer eftir fornri venju eða samningum. Í framangreint afréttarland má taka búpening til sumargöngu af utansveitarmönnum sem eigi hafa þar upprekstrarrétt en til þess þarf leyfi sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem land liggur. Ekki má veita framangreint leyfi ef ætla má að afrétturinn sé þegar fullnýttur af innansveitarmönnum.

8. gr.

Komi í ljós við ítölu eða á annan sannanlegan hátt að afréttur upprekstrarfélags er ekki fullnýttur en heimahagar jarða í samfélagi ofsetnir, er sauðfjáreigendum þeirra jarða skylt að reka til afréttar þann hluta búfjárins sem er fram yfir leyfða ítölu. Verði misbrestur hér á getur sveitarstjórn látið reka fénað á kostnað eiganda. Verði ágreiningur út af grein þessari má vísa honum til úrskurðar sýslumanns.

9. gr.

Heimilt er landráðanda sem verður fyrir ágangi afréttarpenings að gera kvörtun um það til hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við 31. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

10. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að takmarka og tímasetja rekstur til afrétta á vori.

Þegar rekið er til afréttar gegnum heimalönd manna, skal það gert á þann hátt að sem minnstur bagi verði að og er bæjarstjórn heimilt að ákveða hvaða leiðir skuli fara. Aldrei má án leyfis eiganda reka fé á afrétt nema víst sé að það eigi að vera þar.

11. gr.

Eftir að fé er sleppt í afrétt og allt til fyrstu gangna má enginn smala afrétt né gera afréttarpening í annað sambærilegt ónæði nema bæjarstjórn leyfi.

III. KAFLI

Fjallskil.

12. gr.

Með fjallskilum í samþykkt þessari er átt við reglulegar afréttargöngur og smölun útlendna.

Sérhver sauðfjáreigandi er skyldur til að gera fjallskil með þeim hætti sem bæjarstjórn ákveður. Bæjarstjórn getur ákveðið að smölun heimahaga skuli metin til fjallskila.

Bæjarstjórn jafnar niður öllum kostnaði við fjallskil í réttu hlutfalli við sauðfjáreign. Forðagæsluskýrslur og skattframtöl skulu lögð til grundvallar niðurbjófnunar fjallskilakostnaðar. Eigendur eyðibýla eru skyldir til að gera fjallskil ef bæjarstjórn ákveður og skal þá fjallskilakostnaður miðast við landverð jarðar að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Bæjarstjórn getur undanþegið þá menn fjallskilaskyldu sem hafa fé sitt í afgirtum heimahögum eða eyjum.

13. gr.

Skyldur er hver maður að gera fjallskil í því sveitarfélagi sem hann á heimili í. Full fjallskil skal maður inna af höndum í því sveitarfélagi sem fénaði hans er framfleytt í árlangt, enda þótt hann eigi ekki lögheimili þar.

Nú nota einstaklingar eða upprekstrarfélög til uppreksturs annan afrétt eða heimaland en þeim ber. Skulu þeir aðilar þá inna af höndum full fjallskil eftir sömu reglum og heimamenn í því upprekstrarfélagi sem land liggur í. Skal þá miða við fénaðarfjölda þann sem aðkomumenn reka í landið. Þó er heimilt að gera sérstakan samning um fjallskilin.

Sá sem notar land utan upprekstrarfélagsins, skal tilkynna það sveitarstjórn í því sveitarfélagi sem hann á heima í áður en tvær vikur eru af sumri.

14. gr.

Fjallgöngur skulu vera þrennar hvert haust. Landbúnaðarnefnd getur þó ákveðið að fjallgöngur séu tvennar. Skulu göngur fara sem mest saman í þeim löndum sem saman liggja.

Samhliða fjallgöngum skal smala til réttar heimahaga sem afréttarfénaður og sumarbeitarpeningur gengur að jafnaði í. Að auki skal gerð eftirleit ef fjallskilastjórn telur ástæðu til.

Fjallskilastjórn ákveður að hve miklu leyti smölun heimahaga skuli metin til fjallskila.

15. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal fjallskilastjóri jafna niður í tæka tíð. Skal fjallskilabréf hafa borist fjallskilaskyldum aðilum eigi síðar en einni viku fyrir fyrsta gangnadag.

Kæmur út af niðurbjófnun fjallskila skulu hafa borist oddvita bæjarstjórnar eigi síðar en 15. september. Náist ekki samkomulag getur aðili skotið máli sínu til úrskurðar sýslumanns.

16. gr.

Í fjallskilabréfi skal tekið nákvæmlega fram hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ennfremur hverjir skulu leggja menn á hvert afréttarsvæði fyrir sig, nefna til gangnastjóra, svo og þá sem sækja skulu fé í utansveitaréttir.

Vanræki fjallskilaskyldur aðili að gera þau skil sem honum ber skal hann borga þau eins og kostar að inna þau af hendi. Að auki varðar slíkt sektum sem hækka ef brotin eru ítrekuð.

17. gr.

Sveitarstjórnir skulu skipa einn duglegan gangnastjóra eða gangnaforingja fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjórinn skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins þar til fénaður er kominn í rétt eða náthaga. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum.

18. gr.

Gangnastjóri skal áminna gangnamenn að fara svo vel sem unnt er að fénaði í göngum. Ef kindur koma fyrir sem ekki verður komið lifandi til rétta skal slátra þeim, skrá númer eða önnur auðkenni og tilkynna eiganda.

19. gr.

Ef fjáreigandi eða jarðeigandi hefur engan færan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal tilkynna það fjallskilastjórn þremur dögum áður en skilin eiga að vinnast en þessir aðilar útvega mann eða annað sem vantar, svo sem hesta eða fæði. Borgar þá fjáreigandi sektarlaust allan þann kostnað sem af fjallskilum leiðir.

20. gr.

Fjallskilastjórn skal koma upp hentugum skýlum fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf og skal kostnaður sá er af þessu leiðir greiddast úr fjallskilasjóði.

IV. KAFLI Hreinsun heimalanda.

21. gr.

Hver bóndi er skyldur til að smala heimahaga sína á haustum. Sama gildir um eigendur eyðibýla þótt þeir eigi þar ekki fjárvon.

22. gr.

Fjallskilastjórn skal skipa fyrir um reglulegar smalanir heimahaga jafnframt hverjum fjallgöngum. Þar sem heimahagar eru víðlendir skulu smalanir þessar fara fram undir umsjón manns sem hún skipar. Allan óskilafénað sem kemur fyrir skal fara með samkvæmt fyrir-mælum fjallskilastjórnar. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá ákvæðum 21. og 22. gr. þar sem fé gengur í afgirtum heimahögum eða eyjum.

23. gr.

Fjallskilastjórn skal sjá um að eftir réttir á haustin séu allir heimahagar rækilega smalaðir svo oft er hún telur nauðsynlegt og að fénu verði komið áfram eftir þeim leiðum er hún ákveður.

Þeir sem þurfa að smala víðáttumikla heimahaga eiga rétt á að þau gangnaskil séu metin til fjallskila í fjallskilabréfi.

V. KAFLI Göngur og réttir.

24. gr.

Sé talin þörf á skulu fjárleitir á öræfum ákveðnar og kostaðar af bæjarstjórn. Heimilt er bæjarstjórn að ákveða að fé sem finnst við öræfaleit skuli lógað sama haust.

25. gr.

Réttir í Austur-Skaftafellssýslu eru sem hér segir:

Aðalréttir

Hvamsrétt

Meðalfellsrétt

Aukaréttir

Setbergsrétt

Bæjarstjórn ákveður hvenær skuli smala til hverrar réttar og hvaða leitar svæði skuli gengin til hverrar réttar. Skal það tilkynnt hverju sinni í fjallskilabréfi. Fjallskilabréf skal gefið út a.m.k. einni viku fyrir fyrstu smölun.

26. gr.

Fénaðareigendur eru skyldir til að kosta byggingu rétta, þ.e. almennings og dilka, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Nú verður ekki samkomulag um hvernig kostnaði við byggingu réttar skuli jafnað niður og sker þá bæjarstjórn úr. Við hverja aðalrétt skal byggður ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Ennfremur skulu byggðir nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum hreppum.

27. gr.

Fjallskilastjórn skal fela sérstökum manni eftirlit með viðhaldi rétta, dilka og nátthaga. Skal hann sjá um að rétt, dilkar og nátthagar séu í góðu lagi þegar þarf að nota þá.

28. gr.

Fjallskilastjórn skal skipa duglegan réttarstjóra við hverja rétt og má réttarstjórnin teljast með gangnaskilum. Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur úr safninu eða réttinni og einangra þær strax og þeirra verður vart. Hann skal sjá um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í sér dilk svo að eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Frá aukarétt skulu ómerkingar ganga til aðalréttar með öðru óskilafé.

Réttarstjóri kveður menn til að skoða óskil vandlega eftir markaskrá og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrr en lokið er nema með leyfi réttarstjóra. Allir fjáreigendur skulu gæta þess að fé þeirra verði ekki eftir í óskilum. Réttarstjóri skal sjá til þess að allt fé sé tekið úr réttum og komið til skila.

29. gr.

Í réttum má enginn marka fénað án þess að skýra réttarstjóra frá því hvaða heimild hann hafi til mörkunarinnar.

VI. KAFLI

Hirðing fjár úr utansveitaréttum.

30. gr.

Fjallskilastjórn skal, sé þess þörf, skipa glögga og gegna menn til að fara í utansveitaréttir þar sem helst er fjárvon og þar sem fé gengur saman. Skulu þeir hirða allt fé úr sínu sveitarfélagi.

VII. KAFLI

Um meðferð óskilafénaðar.

31. gr.

Ómerkingum og óskilafé sem kemur fyrir í réttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi og sér hreppstjóri um að svo sé gert.

Öllum ómerkingum fjallskilasjóðs eða sveitarsjóðs skal lógað í sláturhúsi.

Með fé sem farið hefur yfir varnarlínur skal fara skv. 25. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Sé um óskilahross að ræða sem finnst á afréttum eða heimalöndum, skulu þau, ef enginn finnst eigandi, tilkynnt hreppstjóra. Ef þörf gerist sendir hreppstjóri lýsingar á hrossunum til sveitarstjórna nærliggjandi sveitarfélaga. Ennfremur skal hreppstjóri auglýsa óskilahrossin til sölu á uppboði með 12 vikna innlausnarfresti.

Að öðru leyti gilda reglur um lausafjáruppboð um sölu hrossanna. Skyld er landráðanda þar sem hrossin finnast að annast þau til söludags en rétt á hann á hæfilegu endurgjaldi fyrir.

32. gr.

Fyrir árslok skal sýslumaður birta í Lögbirtingablaði greinilega lýsingu á öllum óskilafénaði sem seldur hefur verið í sýslunni. Í ómakslaun og prentunarkostnað greiðist hæfilegt gjald.

33. gr.

Af andvirði óskilafénaðar greiðist:

1. Gæslukostnaður
2. Sölu kostnaður (sölulaun og vottalaun)
3. Auglýsingakostnaður
4. Fundarlaun og björgunarlaun

Að öðru leyti greiðist andvirði fjárens til eigenda ef þeir sanna eignarrétt sinn fyrir septemberlok næst á eftir. Annars rennur andvirðið í fjallskilasjóð.

VIII. KAFLI

Um eftirleit einstakra manna.

34. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið má sveitarstjórn leyfa einstökum mönnum eftirleitir á afréttum, annaðhvort fyrir ákveðna greiðslu eða á kostnað leitarmanns sjálfs. Fundarlaun fyrir fé sem finnst í slíkri eftirleit má vera helmingur af verði fjárens.

35. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða það fé er finnst í heimahögum hans eftir að almennum smölunum er lokið og tilkynna fjáreigendum.

IX. KAFLI

Um sveltistökur.

36. gr.

Verði gangnamenn eða aðrir varir við fé í ógöngum eða svelt, skal tilkynna það strax fjallskilastjórn eða eiganda lands. Síðan skal svo fljótt sem unnt er gerð tilraun til að handsama féð og færa til skila sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem féð er teppt, sbr. 57. gr. laga nr. 6/1986. Heimilt er fjallskilastjórn að krefja eiganda fjárens um kostnað við sveltistöku, þó ekki meiri en andvirði fjárens nemur.

Sé mjög erfitt að ná fé úr svelt að mati fjallskilastjórnar, er henni skylt að láta skjóta það, ef unnt er.

X. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

37. gr.

Búfjármörk eru örmerki, frostmerki, brennimörk, plötumerki og eyrnámörk.

Skyldur er hver fjáreigandi að hafa glögggt eyrnamark á öllu fé sínu. Sé eyrnamark óskýrt skal hyrnt fé brennimerkt á hægri horni marki fjáreiganda, en kollótt fé sama marki með plötumerki í hægri eyra.

38. gr.

Allt sauðfé, veturgamalt og eldra, skal brennimerkja með merki fjallskiladeildar í vinstra horn eða merkja með sama merki á plötu í vinstra eyra.

Merki fjallskiladeilda í Austur-Skaftafellssýslu eru sem hér segir:

Lón	Z-1
Nes	Z-2
Höfn	Z-3
Mýrar	Z-4
Suðursveit	Z-5
Öræfi	Z-6

39. gr.

Fjármörk geta menn erft, keypt eða eignast að gjöf. Heimilt er að taka upp nýtt mark en enginn má taka upp mark er líkist svo mörkum sem fyrir eru í markaskrá sýslunnar eða nærliggjandi sýslna að hætta sé á misdrætti. Mikil særingarmörk má ekki taka upp né heldur þau mörk sem vandkvæði er á að marka svo glögg sé. Fleiri en tvö undirben má ekki hafa saman á sama eyra.

40. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda kind sem mark ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi.

Óheimilt er manni að draga sér kind sem ekki ber hans rétta mark, hversu lítið sem umfram er eða á vantar.

Ef kind er með brennimarki annars manns en þess er á eyrnamarkið skal sá talinn eigandi sem á brennimarkið. Sönnur skal eigandi brennimarks færa fyrir eignarrétti sínum ef eigandi eyrnamarks krefst þess.

Nú vill maður eigna sér kind ómarkaða, afeyrða eða með óþekkjanlegu eða vafasömu marki og skal þá bæjarstjórn kveða til tvo óvilhalla menn til að meta með sér ástæður þær sem hlutaðeigandi hefur máli sínu til stuðnings. Komi þeim öllum saman um að mestar líkur séu til að hann eigi kindina, má hann hirða hana sem sína eign, annars telst hún til óskila. Við sönnun á eign á búpeningi er örmerki rétthæst, þar næst frostmerki, síðan brennimark, þá plötumerki og síðast eyrnamark.

41. gr.

Bæjarstjórn skal láta prenta markaskrá áttunda hvert ár. Bæjarstjórn felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð markaskrár. Hann sér einnig um birtingu nýrra marka í Lögbirtingablaði. Markavörður safnar mörkum í markaskrár með aðstoð fjallskilastjórna. Sérhver markeigandi er skyldur til að láta birta mörk sín í markaskrá og greiða gjald fyrir sem bæjarstjórn ákveður.

Markavörður skal gæta þess að ekki séu tekin upp ný mörk sem notuð eru í héruðum þar sem búast má við samgangi sauðfjár, sbr. reglugerð um búfjármörk o.fl. nr. 200/1998, gr. 12.3.14. varðandi sammerkingar á sauðfé.

Nú vill einhver taka upp nýtt mark eða nota aðflutt mark milli þess sem markaskrár eru gefnar út, skal hann fá til þess samþykki markavarðar sem síðan auglýsir markið í Lögbirtingablaði.

Enginn má nota mark nema það sé birt í markaskrá eða tilkynnt í Lögbirtingablaði. Þeir sem taka upp ný mörk milli þess sem markaskrá er prentuð skulu greiða kostnað við tilkynningu þess. Sama gildir um aðflutt mörk.

Markavörður skal fá þóknun fyrir starf sitt eftir samningi af tekjum þeim sem falla til við prentun markaskrár. Markaskrána skal prenta í það mörgum eintökum að allir markeigendur geti fengið eintak og að auki nokkur til vara.

XI. KAFLI

Um rekstur og flutning búfjár.

42. gr.

Svo skal rekstrum haga að sem minnstur bagi verði þeim sem lönd eiga sem um er rætt eða í er áð. Varast skal að rekstrar lendi saman við annað fé.

Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja nema brýn nauðsyn sé. Eigi má leggja upp með rekstur fyrr en sauðljóst er orðið.

43. gr.

Óheimilt er að reka hóp búfjár á vegum og í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til. Heimilt er lögreglustjóra að loka vegum um skemmri tíma fyrir annarri umferð en fjárrekstrum.

Utan þéttbýlis má reka búfjárhópa eftir vegum en fylgja skulu hverjum rekstri nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar á vegum skal einn gæslumanna fara fyrir hópnum. Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum ef þess gerist þörf.

XII. KAFLI

Um meðferð og hirðingu búfjár og ágang.

44. gr.

Alltaf skal leitast við að fara svo vel með búfé sem unnt er. Eigi má svelta fé við réttir, í rekstrum, í sláturhúsum eða annars staðar, frekar en unnt er.

Fé sem hýst er í sláturhúsum næturlangt skal hafa aðgang að vatni.

45. gr.

Bannað er að hundbeita fénað í reksti eða smölun að óþörfu. Ekki má heldur misþyrma búfénaði á nokkurn annan hátt. Valdi hundar tjóni á búfé er eiganda þeirra skylt að bæta það að fullu.

46. gr.

Ef búfé annarra veldur óeðlilega miklum ágangi er eigandi þess skyldur að sækja það þá honum hefur verið tilkynnt um það. Ágangsfénaði skal eigandi koma fyrir í vörslu eða á afrétti.

Ágangspoli getur skotið máli sínu til bæjarstjórnar skv. 31. og 34. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., sinni fjáreigandi ekki ósk hans um að koma í veg fyrir ágang.

Sá sem tekur fé í vörslu sína má ekki fara illa með það á nokkurn hátt. Hann skal sjá um að nægilegt fóður og vatn sé fært fénu.

47. gr.

Kinda sem fara fullgildar girðingar, að dómi úttektarmanna, skulu eigendur gæta svo og stórgripa sem brjóta hlið og girðingar.

Geri þeir það ekki má bæjarstjórn taka ágangspening og selja fyrir kostnaði og uslagjöldum.

XIII. KAFLI Refisákvæði og gildistaka.

48. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hornafjarðar hefur fjallað um og afgreitt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Skaftafellssýslu, nr. 484, 30. ágúst 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. september 2000 skal bæjarstjórn Hornafjarðar endurskoða fjallskilasamþykkt þessa. Við þá endurskoðun skal í 25. gr. samþykktarinnar tilgreina a.m.k. eina aðalrétt í hverri fjallskiladeild innan sveitarfélagsins.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. september 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUR

um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um varasöm efni og vörutegundir sem nota á við atvinnurekstur sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Með varasömum efnum og vörutegundum er átt við eftirfarandi efni og vörutegundir:

- Efni sem flokkuð eru samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, ásamt síðari breytingum, um eiturefni eða hættuleg efni og vörutegundir sem innihalda slík efni.
- Efni sem eru á skrá í reglum nr. 154/1999 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.
- Eiturefni og hættuleg efni sem notuð eru í landbúnaði og til útrýmingar meindýra, samkvæmt reglugerð nr. 50/1984.
- Sprengiefni er falla undir gildandi reglugerð um sprengiefni.
- Efni og vörutegundir sem vegna efna- eða eðlisfræðilegra eiginleika geta að mati Vinnueftirlits ríkisins valdið heilsutjóni eða skapað slysaþættu við notkun á vinnustöðum.